

Landsréttur

06 205

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---------------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Landsréttur

kt. 470717-1060

Vesturvör 2, 200 Kópavogur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landsréttur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla og er áfrýjunardómstóll. Lögin tóku gildi 1. janúar 2018 og hófst þá eiginleg starfsemi en undirbúningur starfrækslu hófst síðla árs 2017.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 760,8 milljónir og afkoma kr. 32,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 29,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 131,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landsréttar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landsréttar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Gunnar Viðar
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|--|------|--------------------|--------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 748.300.000 | 725.800.000 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 3 | 0 | 2.322.686 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 12.459.076 | 12.484.065 |
| Tekjur samtals | | 760.759.076 | 740.606.751 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfamannakostnaður | 4 | 629.283.776 | 633.437.810 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 87.055.277 | 80.911.367 |
| Afskriftir | | 12.459.076 | 12.484.065 |
| Gjöld samtals | | 728.798.129 | 726.833.242 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | 31.960.947 | 13.773.509 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (4.098) | (23.080) |
| | | (4.098) | (23.080) |
| Afkoma ársins | | 31.956.849 | 13.750.429 |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------|---------------------------|---------------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 54.514.035 | 65.269.798 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>54.514.035</u> | <u>65.269.798</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 72.443.682 | 39.819.613 |
| Handbært fé | 8 | 4.958.468 | 5.713.684 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>77.402.150</u> | <u>45.533.297</u> |
| Eignir samtals | | <u><u>131.916.185</u></u> | <u><u>110.803.095</u></u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 9 | | |
| Hrein eign | | 29.946.954 | (2.009.895) |
| Eigið fé samtals | | <u>29.946.954</u> | <u>(2.009.895)</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 9.843.290 | 10.059.290 |
| Viðskiptaskuldir | | 2.708.120 | 1.673.763 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 10 | 48.934.460 | 48.137.500 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 11 | 40.483.361 | 52.942.437 |
| Skuldir samtals | | <u>101.969.231</u> | <u>112.812.990</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>131.916.185</u></u> | <u><u>110.803.095</u></u> |
| Aðrar upplýsingar | 12 | | |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|--|------|---------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 31.956.849 | 13.750.429 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 12.459.076 | 12.484.065 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (12.459.076) | (12.484.065) |
| | | <u>31.956.849</u> | <u>13.750.429</u> |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | 0 | 26.896 |
| Tengdir aðilar | | (34.543.382) | (4.211.640) |
| Skammtímaskuldir | | 1.831.317 | (6.518.390) |
| | | <u>(32.712.065)</u> | <u>(10.703.134)</u> |
| | | <u>(755.216)</u> | <u>3.047.295</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (1.703.313) | (1.013.929) |
| | | <u>(1.703.313)</u> | <u>(1.013.929)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Tengdir aðilar | | 1.703.313 | 1.013.929 |
| | | <u>1.703.313</u> | <u>1.013.929</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | (755.216) | 3.047.295 |
| | | 5.713.684 | 2.666.389 |
| | | <u>4.958.468</u> | <u>5.713.684</u> |
| Handbært fé í árslok | | | |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2020 | 2019 |
|-----------------------------------|--------------------|--------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | |
| Fjárveiting ársins | 748.300.000 | 725.800.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 12.459.076 | 12.484.065 |
| | <u>760.759.076</u> | <u>738.284.065</u> |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|--|--------------------|-------------------------|--------------------------|--------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 728.300.000 | 0 | 0 | 728.300.000 |
| Fjárukalög | 20.000.000 | 0 | 0 | 20.000.000 |
| Fjárveiting til tekna | 748.300.000 | 0 | 0 | 748.300.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum | (716.343.151) | 0 | 0 | (716.343.151) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | 31.956.849 | 0 | 0 | 31.956.849 |

| | 2020 | 2019 |
|----------------------------------|----------|------------------|
| 3 Framlög og ýmsar tekjur | | |
| Tekjur mótuneytis | 0 | 1.462.686 |
| Kostnaðarhlutdeild | 0 | 860.000 |
| | <u>0</u> | <u>2.322.686</u> |

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|------------------------------|--------------------|--------------------|
| Laun | 511.061.517 | 508.506.607 |
| Orlof, breyting | 1.256.200 | 9.059.836 |
| Launatengd gjöld | 114.762.150 | 113.887.896 |
| Starfsmannakostnaður | 2.203.909 | 1.983.471 |
| | <u>629.283.776</u> | <u>633.437.810</u> |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 31,5 | 31,5 |

Skýringar

| | 2020 | 2019 |
|---|-------------------|-------------------------------|
| 5 Annar rekstrarkostnaður | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 1.170.403 | 837.356 |
| Byggingarvörur, almennar | 146.010 | 0 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 68.854 | 80.664 |
| Ýmis tæki og áhöld | 700.784 | 299.582 |
| Orkugjafar | 1.192.140 | 1.346.590 |
| Matvæli | 5.489.846 | 7.348.373 |
| Almennar rekstrarvörur | 1.753.071 | 1.523.803 |
| Vörukaup, almenn | <u>10.521.108</u> | <u>11.436.368</u> |
| Kennslu- og föndurvörur | 24.865 | 14.380 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 53.096 | 0 |
| Vörukaup, sérgreind | <u>77.961</u> | <u>14.380</u> |
| Fundir, námskeið, risna | 559.577 | 984.012 |
| Ferðir, uppihald | 346.704 | 1.307.664 |
| Akstur | 348.814 | 551.165 |
| Sérfræðipjónusta | 3.242.045 | 2.557.251 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 40.229 | 41.834 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 175.073 | 10.990 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 2.502.056 | 1.011.610 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta | <u>7.214.498</u> | <u>6.464.526</u> |
| Afnotagjöld | 11.491.550 | 10.400.253 |
| Leigugjöld | 50.663.651 | 49.993.553 |
| Notkun véla og flutningatækja | 13.208 | 25.500 |
| Verkkaup | 7.067.380 | 2.576.787 |
| Opinber gjöld | 5.921 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | <u>69.241.710</u> | <u>62.996.093</u> |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>87.055.277</u> | <u>80.911.367</u> |
| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
| 6 Varanlegir rekstrarfjármunir | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 54.514.035 | 65.269.798 |
| | <u>54.514.035</u> | <u>65.269.798</u> |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019: | | |
| | | Áhöld, tæki og búnaður |
| Staða 1.1.2020 | | 90.700.644 |
| Viðbætur á árinu | | <u>1.703.313</u> |
| | | 92.403.957 |
| Afskriftir 1.1.2020 | | 25.430.846 |
| Afskrift ársins | | <u>12.459.076</u> |
| | | 37.889.922 |
| Staða 31.12.2020 | | <u>54.514.035</u> |

Skýringar

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|--|-------------------|-------------------|
| 7 Tengdir aðilar | | |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. | | |
| <i>Kröfur á tengda aðila:</i> | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 72.443.682 | 39.819.613 |
| | <u>72.443.682</u> | <u>39.819.613</u> |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i> | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 9.843.290 | 10.059.290 |
| | <u>9.843.290</u> | <u>10.059.290</u> |
| 8 Handbært fé | | |
| Tékkareikningar | 4.958.468 | 5.713.684 |
| | <u>4.958.468</u> | <u>5.713.684</u> |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 4,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|-------------------|--------------------|
| 9 Eigið fé | | |
| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum | | |
| Hrein eign | | |
| Jöfnuður 1.1. | (2.009.895) | (15.760.324) |
| Afkoma ársins | 31.956.849 | 13.750.429 |
| Jöfnuður 31.12. | <u>29.946.954</u> | <u>(2.009.895)</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

10 Ýmsar skammtímaskuldir

| | | |
|---------------------------|-------------------|-------------------|
| Ógreitt orlof | 48.850.320 | 47.594.120 |
| Ógreidd laun | 0 | 390.600 |
| Önnur ógreidd gjöld | 84.140 | 152.780 |
| | <u>48.934.460</u> | <u>48.137.500</u> |

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | | |
|--|---------------------|---------------------|
| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 54.514.035 | 65.269.798 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) | <u>(14.030.674)</u> | <u>(12.327.361)</u> |
| | <u>40.483.361</u> | <u>52.942.437</u> |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|--|--------------------------------------|---|
| Staða 1.1.2019 | 65.269.798 | (12.327.361) | 52.942.437 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 1.703.313 | (1.703.313) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | <u>(12.459.076)</u> | <u>0</u> | <u>(12.459.076)</u> |
| | <u>54.514.035</u> | <u>(14.030.674)</u> | <u>40.483.361</u> |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 11,5 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði sem er ótímabundinn og nema árlegar greiðslur kr. 50,6 milljónum. Einnig hafa verið gerðir rekstrar- og þjónustusamninga sem flestir eru ótímabundnir og nema árlegar greiðslur kr. 14 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsársins kom í ljós að kostnaður vegna setningar dómara var að hluta færður af fjárlagalið dómsmálaráðuneytisins í stað Landsréttar. Leiðréttingarfærsla að fjárhæð 18.415.000 kr. verður færð til gjalda hjá Landsrétti reikningsárið 2021